

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Hornafirði, 2. desember 2020
nr. erindis 202011080

Málefni: Umsögn um breytingu á Skipulagslögum, 275. mál


Umhverfis- og skipulagsnefnd sveitarfélagsins Hornafjarðar telur að skipan raflínunefndar fyrir framkvæmdir í meginflutningskerfi raforku feli í sér inngrip ríkisins í skipulagsvald sveitarfélaga sem samræmist ekki markmiðum skipulagslaga um að ábyrgð á skipulagsgerð sé á höndum sveitarfélaga. Ótækt sé að slík nefnd taki stjórnýsluákvæðanir fyrir hönd sveitarfélaga. Bæði er hér um að ræða takmörkun á skipulagsvaldi og leyfisveitingavaldi sveitarfélaga.

Sveitarfélagið Hornafjörður tekur undir með Sambandi íslenskra sveitarfélaga að ekki sé ástæða til að útvíkka hlutverk raflínunefnda og ákvæða um raflínuskipulag þannig að þau nái til annarra samfélagslega mikilvægra innviða, t.d. vegaf framkvæmda. Skýrt verði að vera að sú sérstaka málsmeðferð sem lögð sé til í frumvarpinu um skipulag og veitingu framkvæmdaleyfa vegna framkvæmda í meginflutningskerfi raforku, sé grundvallarfrávik frá meginreglum skipulagslaga. Framkvæmdir við meginflutningskerfið hafi sérstöðu umfram ýmsa aðra samfélagslega innviði þar sem nauðsynlegt sé að taka sameiginlega og bindandi ákvörðun allra sveitarfélaga um línuleið og staðsetningu jarðstrengja.

Það er álit Umhverfis- og skipulagsnefndar sveitarfélagsins Hornafjarðar að tilefni sé til að endurskoða ákvæði skipulagslaga um athugasemdafresti í tengslum við fyrirhugaða rafræna skipulagsgátt. Nefndin telur að stytting athugasemdarfresta eigi ekki að vera vandamál í ljósi breyttra aðferða við kynningu og samráð skipulagsáætlana en efast um að fram lögð tillaga um fjögurra vikna athugasemdafrest í stað sex uppfylli þann tilgang að stytta málsmeðferð. Það er álit nefndarinnar að meiri ávinningur hefði nást með því að fella brott forkynningu skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Vakin er athygli á því að í flestum sveitarfélögum eru fundir skipulagsnefndar og bæjarstjórnar einu sinni í mánuði og því ætti að miða tillögur að breytingum á athugasemdarfrestum og einföldun málsmeðferðar við þær aðstæður.

Umhverfis- og skipulagsnefnd fagnar áformum um rafræna gagnagátt vegna skipulags og framkvæmdaleyfa og ítrekar að í framhaldi af opnun slíkrar gáttar sé tilefni til að endurskoða og einfalda málsmeðferð. Mikilvægt er að lagaákvæðinu fylgi fjármagn til þróunar og starfrækslu gagnagáttarinnar og að í þeirri vinnu verði haft samráð við væntanlega notendur gáttarinnar bæði sveitarfélög, umsagnaraðila og íbúa. Mikilvægt er að tryggja að gáttin verði notendavæn og til þess fallin að auðvelda íbúum að leggja fram athugasemdir og tillögur við skipulagsgerð.

Virðingarfyllt



Brynja Dögg Ingólfssdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar

